

Hluti af gildandi deiliskipulagi Teigahverfis mkv. 1:1000 samþykkt í borgarráði 19. maí 2011

GREINARGERÐ - GILDANDI DEILISKIPULAG

Í gildi er heildarskipulag Teigahverfis samþykkt í borgarráði 02.07.2002 með síðari breytingum. Síðasta samþykkt deiliskipulagsbreyting var samþykkt í skipulagsráði 19. maí 2011 en sú tillaga gerir ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir gervigrasvöll á suðausturhluta lóðarinnar. Einnig var samþykktur nýr byggingarreitur fyrir færanlega kennslustofu. Í dag er starfræktur á lóðinni Gullteigur 19, 6 deilda leikskóli með 122 börn frá eins - sex ára.

Fyrir þessar tvær lóðir eru í gildi eftirfarandi skilmálar:

Lóð Kirkjuteigur 24, grunnskólalóð, er 23.127 m² að stærð. Á lóðinni er gert ráð fyrir að vernda skólabygginguna, einnig er gert ráð fyrir tveimur byggingareitum, reit (A) og reit (B). Aðrar eldri byggingar á lóðinni má fjarlægja. Byggingareitur (A) gerir ráð fyrir stækkun skólans, tveggja hæða skólabyggingu með kjallara og lágu risi. Innan byggingareits (B) má koma fyrir bráðabirgðakennslustofum með kjallara.


Lóð Gullteigur 19, leikskóli er 4.484 m². Gert er ráð fyrir a.m.k. 60 bílastæðum sem samnýtt eru af báðum lóðunum - auk 12 bílastæða, sleppistæða og stæði vegna vörumóttöku á norðurhluta lóðarinnar.

SÉRSKILMÁLAR FYRIR BOLTAGERÐI


Mörkin eru 3 m. á breidd og 2 m. á hæð. Aðkoma inn á völlinn er um op á langhlíð. Girðing er umhverfis völlinn og verður hann uppýstur inn á við með fjórum allt að 8m háum ljósastaurum.

Lýsing er skermuð af og beint inn á grasvöllinn. Girðingin umhverfis völlinn er allt að 1.2 m hæð á langhlíðum og er hæst 3m. fyrir miðjum velli við mörkin. Sjá skýringarupprátt.

Huga skal að því að frágangur og útlit vallarins taki mið af aðstæðum og falli vel að mannvirkjum á lóð.



Skýringarmynd - Gervigrasvöllur með timburgirðingu



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi mkv. 1:1000



GREINARGERÐ - TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

Gerður er byggingarreitur fyrir færanlega kennslustofu ásamt tengingangi í gám sem notaður verður fyrir starfsfólk leikskólans. Byggingareitur er staðsettur á lóð Laugarnesskóla austan megin við núverandi færanlegar kennslustofur sem staðsettar eru norður af leikskólanum Hofi. Núverandi göngustigur frá Hofteig inn á skólalóð verður að hluta til færður til austurs. Að öðru gilda eldri skilmálar. Hámarkshæðin á færanlegum kennslustofum er 4.3 m. Heildarstærð á núverandi kennslustofum er allt að 190 m². Í tillögu að nýju deiliskipulagi er heildarstærð á færanlegum kennslustofum allt að 350 m². Gámur fyrir starfsfólk er allt að 30 m².

SKÝRINGAMYND, SNEIÐING NÚVERANDI DEILISKIPULAG



SKÝRINGAMYND, TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- BYGGINGARREITUR (A)
- BYGGINGARREITUR (B) FYRIR BRÁÐABIRGÐAKENNSLUSTOFUR
- BYGGINGARREITUR (C) FYRIR GERVIGRASVÖLL
- LÓÐAMÖRK
- VERNDUN 20. ALDAR BYGGINGAR
- BRÁÐABIRGÐAHÚSNÆÐI BYGGINGAR SEM HEIMILT ER AÐ FJARLÆGJA
- GÖNGUSTIGUR
- NÝR BYGGINGARREITUR FYRIR FÆRANLEGAR STOFUR
- SVÆÐI SEM BREYTINGIN TEKUR TIL

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

borgarráði
þann 5. júlí 2018 og á
emb. afgreið. skipulagsf. þann 31. ágúst 2018.

Tillagan var auglýst frá 7. júlí 2018 með
athugasemdafresti til 26. ágúst 2018.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20.

Björn Atelsson

Staðgreinir 0-1-1363301
Hönnunarstjóri: Rúnar Gunnarsson 090550-7999 Samþykkt:

Verk	Teikn nr. 1
Deiliskipulagsbreyting	
v/Kirkjuteigur 24	DHOF24-18010
Laugarnesskóli	1:1000
Leikskólinn Hof	
Teiknað/hannað amb	Dags. 31.05.18
	A2

Rúnar Gunnarsson arkitekt FAÍ 090550-7999
Dagný Helgadóttir arkitekt FAÍ 220849-3769
Anna María Benediktssóttir arkitekt 041265-3969
Umhverfis-og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14, 105 REYKJAVÍK sími 411-8000